

Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

Priðjudaginn 23. mars 2021 var haldinn fundur í svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar í fjarfundi og hófst hann kl. 13:00.

Mætt voru: Ragnheiður Pálsdóttir og Hörður Hjartarson frá Dalabyggð, Ingimar Ingimarsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Karl Kristjánsson frá Reykhólahreppi, Eiríkur Valdimarsson og Pétur Matthíasson frá Strandabyggð. Einnig sátu fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps, Þorgeir Pálsson sveitarstjóri Strandabyggðar, Kristján Sturluson sveitarstjóri Dalabyggðar og Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi.

Þorgeir Pálsson setti fund og stýrði fundi.

1. Kjör á formanni og ritara.

Tillaga um að Ragnheiður Pálsdóttir Dalabyggð verði formaður og Eiríkur Valdimarsson Strandabyggð ritari.
Samþykkt samhljóða.

2. Fyrirkomulag funda og starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar.

Verður tekið fyrir á næsta fundi. Fundarmenn sammála um að í svæðisskipulaginu séu góðar tillögur sem nefndin getur komið á framfæri.

3. Breytingar á aðalskipulagi í Dalabyggð og Reykhólahreppi, vegna vindorkugarða.

Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi fór yfir aðalskipulagsbreytingarnar.

Erindi frá Dalabyggð vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers í landi Hróðnýjarstaða, ósk um umsögn.

Svæðisskipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar þar sem hún samræmist stefnu svæðisskipulagsins um eflingu atvinnulífs sem byggir m.a. á nýtingu auðlinda og auknu raforkuöryggi.

Samþykkt samhljóða.

Erindi frá Dalabyggð vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers í landi Sólheima, ósk um umsögn.

Svæðisskipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar þar sem hún samræmist stefnu svæðisskipulagsins um eflingu atvinnulífs sem byggir m.a. á nýtingu auðlinda og auknu raforkuöryggi.

Samþykkt samhljóða

Erindi frá Reykhólahreppi vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 vegna vindorkuvers í landi Garpsdals, ósk um umsögn.

Svæðisskipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps þar sem hún samræmist stefnu svæðisskipulagsins um eflingu atvinnulífs sem byggir m.a. á nýtingu auðlinda og auknu raforkuöryggi.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Fundargerð staðfest í tölvupósti.

Ragnheiður Pálsdóttir, 23.03.2021, 18:56

Eiríkur Valdimarsson, 24.03.2021, 08:41

Hörður Hjartarson, 23.03.2021, 17:06

Ingibjörg B. Erlingsdóttir, 24.03.2021, 08:21

Ingimar Ingimarsson, 23.03.2021, 19:00

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, 24.03.2021, 08:53

Karl Kristjánsson, 23.03.2021, 19:30

Pétur Matthíasson, 24.03.2021, 15:17

Þorgeir Pálsson, 23.03.2021, 15:38



Kristján Sturluson